

Nd.

44. Breytingartillögur

[24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir B. 25 í 2. gr. laganna koma 2 nýir liðir:
 - a. *Hítarnesvegur*: Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár um Jörfa að Hítarnesi, Krossholti og Snorrastöðum.
 - b. *Skógarnesvegur*: Af Stykkishólmsvegi sunnan Stóruþúfu um Litluþúfu að Miklaholti og Ytra- og Syðra-Skógarnesi.
2. B. 26 í sömu gr. orðist þannig:

Kolviðarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi við Gerðubergslæk í Eyjahreppi um Hrossholt og Kolviðarneslaug að Kolviðarnesi.
3. Á eftir B. 27 í sömu gr. komi 4 nýir liðir:
 - a. *Stakkhamarsvegur*: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofstaða um Borgarholt, Stakkhamar og Mel að Krossum.
 - b. *Slitandastaðavegur*: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli og Slitandastöðum.
 - c. *Staðastaðarvegur*: Af Ólafsvíkurvegi að Staðastað.
 - d. *Lýsuhólsvegur*: Af Ólafsvíkurvegi að Hraunsmúla, Lýsudal og Lýðuhóli.
4. Á eftir B. 28 í sömu gr. koma 3 nýir liðir:
 - a. *Arnarstapavegur*: Af Útnesvegi að Arnarstapa.
 - b. *Hellnavegur*: Af Útnesvegi að Hellnum.
 - c. *Öndverðarnesvegur*: Af Útnesvegi að Öndverðarnesi.
5. B. 29 í sömu gr. orðist þannig:

Búðavegur: Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Fram-Búða.
6. Á eftir B. 30 í sömu gr. kemur nýr liður:

Rífsvegur: Af Hellissandsvegi að Rífi.
7. Á eftir B. 31 í sömu gr. kemur nýr liður:

Framsveitarvegur: Af Eyrarsveitarvegi nálægt Eiði um Hjarðarból og Hallbjarnareyri að Setbergi og á Eyrarsveitarveg við Vindás.
8. Á eftir B. 32 í sömu gr. koma 2 nýir liðir:
 - a. *Bjarnarhafnarvegur*: Af Eyrarsveitarvegi austan Hraunsfjarðar að Seljum og Bjarnarhöfn.
 - b. *Helgafellsvegur*: Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.